

## Fundargerð samstarfsnefndar Félagsráðgjafafélags Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga

Fundur var haldinn í samstarfsnefnd Félagsráðgjafafélags Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga fimmtudaginn 15. desember 2021 kl. 11:00. Fundað var í fjárfundi.

### Mætt voru:

Fyrir hönd félagsins: Steinunn Bergmann og Eldey Huld Jónsdóttir

Fyrir hönd sambandsins: Inga Rún Ólafsdóttir og Margrét Sigurðardóttir sem ritaði fundargerð.

### Þetta gerðist:

#### 1. Bókun 7 í kjarasamningi

Fjallað um bókun 7 í kjarasamningi aðila um áfanga til sérfræðiviðurkenningar.

#### Niðurstaða:

Aðilar eru sammála um eftirfarandi:

Félagsráðgjafar geta sótt um mat á sérfræðiviðurkenningu til samstarfsnefndar aðila. Félagsráðgjafar þurfa að hafa starfað að lágmarki í 1,5 ár í 50% starfshlutfalli eða meira.

Við röðun félagsráðgjafa í launaflokka vegna mats á sérfræðiviðurkenningu félagsráðgjafa sbr. reglugerð nr. 1088/ 2012 gildir eftirfarandi:

1. áfangi	100 fræðslustundir og 20 handleiðslutímar	2 lfl
2. áfangi	150 fræðslustundir og 40 handleiðslutímar	1 lfl
3. áfangi	200 fræðslustundir og 60 handleiðslutímar	1 lfl
4. áfangi	250 fræðslustundir og 80 handleiðslutímar	1 lfl
5. áfangi	300 fræðslustundir og 100 handleiðslutímar	1 lfl
6. áfangi	Sérfræðiviðurkenning frá Embætti landlæknis	2 lfl
	Samtals	8 lfl

Hækkun samkvæmt ofangreindu tekur gildi næstu mánaðamót eftir að starfsmaður leggur fram fullnægjandi gögn og samstarfsnefnd hefur samþykkt að gögnin falli undir skilyrði um launaflokkahækkun.

Hafi áfangar að sérfræðiviðurkenningu áður verið metnir samkvæmt grein 10.2.3, falla þær greiðslur niður þar sem einingar eru aldrei tvítaldar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:30